



Laufblaðið

FRÉTTABLAÐ SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

17. árg. 2008 2. tbl.

Stórsamningur Kolviðar og íslenska ríkisins

Skógrækt í fjallshlíðum – vörn gegn grjóthruni

Aukin skógrækt í Reykjavík

Gömul tré – hvernig er vernd þeirra háttáð?

Skógarfura – fallegt eintak á Heiðmörk

Merkar fornlifar við Rauðavatn

Vinnuferð Skógræktarfélags Skáta á Úlfljótsvatni

Nokkur sæti laus í ferð skógræktarfélagsins til Kamsjatka og Moskvu í haust

Stórtjón í gróðurbruna í Hafnarfirði

Hagrænt mat á fjölpættri þjónustu vistkerfa – Heiðmerkurrannsóknin

Nýbreytni á fulltrúafundum skógræktarfélaganna

Velgjörðarfólk íslenskrar skógræktar í heimsókn

Toyotaskógar

Forn viður rannsakaður á Snæfellsnesi



Útlit er fyrir mikla fræuppskeru í haust, ekki síst um sunnan- og vestanvert landið. Þessi mynd er tekin af blómgun á birkitré í Hafnarfjörði í Borgarfirði. Á myndinni sjást brúnleitir karlreklar, en þaðan koma frjókornin og eins má sjá kvenrekla sem á þessum tíma eru grænleitir. Á þessum slóðum stefnir í gnótt birkifræs í haust (Mynd JGP).

Stórsamningur Kolviðar og íslenska ríkisins

Samningur Kolviðar við forsætisráðuneytið um kolefnisbindingu vegna bílaflota ríkisins

Undirritaður hefur verið samningur milli forsætisráðuneytisins og Kolviðar um kolefnisbindingu vegna losunar koldíoxíðs frá vélknúnum ökutækjum í eigu ríkisins fyrir árið 2008. Ríkiskaup hefur lagt mat á heildarlosun ökutækja í eigu ríkisins og á þeim grundvelli er samningurinn gerður. Áætlað er að losun frá ökutækjum í eigu ríkisins muni nema um 9.000 tonnum af CO₂ á þessu ári og til að binda samsvarandi magn kolefnis mun Kolviður gróðursetja um 84 þúsund plöntur á gróðursnauðum Geitasandi á Rangárvöllum.

Bruni á jarðefnaeldsneyti sem orkugjafa, eyðing skóga og jarðvegseyðing eru talin vera helstu orsakavaldar aukins styrks gróðurhúsalofttegunda í andrúmslofti, sem aftur leiðir til hlýnumar. Koldíoxíð (CO₂) er að magni til mikilvirkasta gróðurhúsalofttegundin.

Tvær leiðir eru í dag helst færar til þess að koma á jafnvægi í kolefnibúskap jarðarinnar, annars vegar að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið og hins vegar að binda kolefni með skógrækt og landgræðslu. Markmið ríkisstjórnar Íslands í loftslagsmálum er að minnka

nettólosun um 75% fyrir árið 2050. Eitt af markmiðum íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum er að stuðla að aukið inni bindingu kolefnis úr andrúmslofti með skógrækt og landgræðslu, endurheimt votlendis og breyttri landnotkun. Þá hefur ríkisstjórnin ákveðið að við endurnýjun á bílaflota ríkisins verði horft til vistvænni ökutækja sem losa minna magn gróðurhúsalofttegunda.

Með þessum samningi vilja stjórnvöld bæta óhjákvæmilega losun bílaflota ríkisins með kolefnisbindingu í skógrækt og landgræðslu

Um Kolvið:

Kolviður hvetur einstaklinga og fyrirtækfi til að axla ábyrgð með því að lágmarka losun gróðurhúsalofttegunda – stunda vistvænan lífsstíl, með skynsamlegum samgöngum og kolefnisjafna þá losun sem er óhjákvæmileg. Á vefsíðu Kolviðar (www.kolvidur.is) gefst fólk kostur á að áætla útbústur eigin bíla, auka meðtund um eigin losun, binda kolefni og græða örfofa land með skógrækt og landgræðslu. Frá því að Kolviður tók til starfa síðastliðið sumar eiga landsmenn þess kost að jafna kolefnislosun sína vegna samgangna með skógrækt á Geitasandi á Rangárvöllum. Eigendur Kolviðar eru Skógræktarfélag Íslands og Landvernd.

Skógrækt í fjallshlíðum – vörn gegn grjóthruni

Í jarðskjálftunum á Suðurlandi 29. maí síðast liðinn varð mikið grjóthrun úr fjöllum á jarðskjálftasvæðinu. Margra tonna björg og smærri steinar losnuðu úr brúnum og klettum fjallanna og steyptust niður brattar hlíðarnar, mörg hundruð metra vegalengdir.

Í Reykjafjalli við Hveragerði félundir hundruðir stórra steina niður í brekkuæturnar og hittu þar sumstaðar fyrir gilda sitkagrenistofna. Þannig vill til að við Garðyrkjuskólan, sem nú er ein starfsstöðva Landbúnaðarháskóla Íslands, hefur verið stunduð skógrækt frá sjötta áratugnum. Þar er núna 8-12 m hár greniskógrur í hlíðinni, auch lunda annara lágvaxnari trjátegunda, svo sem birkis og stafafuru.

Í hamförunum sannaði skógræktin eitt gilda sinna, að stöðva fallandi steina

úr fjallinu. Af ummerkjum má draga þá ályktun að fáeinir 15-20 cm gildir grenistofnar nái að stöðva 1-2 tonna grjót á fullri ferð niður fjallið, en þegar þyngd steinanna er orðin að giska 6-8 tonn þá geti þeir brotið niður fjöldu grenitrjáa áður en þeir stöðvast. Sverleiki stofnanna skiptir miklu máli varðandi höggþol þeirra og styrk og þess vegna skiptir máli að nota trjátegundir sem verða stórvaxnar til grjótvarna.

Parna í hlíðinni er núna ákjósanlegt tækifæri til að skoða samspil trjáa og fallandi steina. Skógrækt í fjallshlíðum hefur margþætt hlutverk en eitt þeirra er greinilega að vernda fólk, húsdýr, ræktun og mannvirki fyrir grjóthruni.

Úlfur Óskarsson
náttúrufraeðingur við
Landbúnaðarháskóla Íslands.



Jóhann Óli Hilmarsson ljósmyndari og fuglafræðingur sést hér mynda slóð eyðileggingar eftir um 2-3 tonna Stein sem ruðdi sér leið gegnum ungan birkiskógr (Mynd ÚÓ).

Aukin skógrækt í Reykjavík

Skógræktarfélag Reykjavíkur og Reykjavíkurborg stíga Græn skref

Mánuðaginn 9. júní undirritaðu Gísli Marteinn Baldursson og Þróstur Ólafsson tímamótasamning, en þá gerðu umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar og Skógræktarfélag Reykjavíkur með sér samning um gróðursetningu á 460 þúsund skógarplöntum í Heiðmörk, Esjuhlíðum og Úlfarsfelli.

„Nú er tími til að hefja nýja sókní gróðursetningu trjáa“ sagði Gísli Marteinn Baldursson, formaður umhverfis- og samgönguráðs, í kjölfar undirritunar samningsins í Grasagarðinum í Laugardal.

Plantað verður árin 2008, 2009 og 2010 og mun umhverfis- og samgöngusvið leggja 20 milljónir til verkefnisins árið 2008.

Gróðursetning trjáa er eitt af Grænu skrefunum í Reykjavík og er markmið

ið að fegra borgina, auka skjól og binda koltvísýring. „Við höfum átt farsælt samstarf við Skógræktarfélag Reykjavíkur og við treystum þeim til að halda áfram því mikla uppbyggingarstarfi sem felst í skógræktinni,“ sagði Gísli Marteinn enn fremur. Á liðnu ári voru 40 þúsund tré gróðursett í Esjuhlíðum undir liðnum Græn skref í Reykjavík.

Þróstur Ólafsson, formaður Skógræktarfélags Reykjavíkur, segir að samningurinn hafi ómetanlegt gildi og sé stærsta skrefið sem stígið hefur verið á liðnum árum til að bæta við skóglendi Reykjavíkur.

Vonandi verða Græn skref Reykjavíkurborgar öðrum sveitarfélögum hvatning til dáða í umhverfis- og skógræktarmálum.



Gísli Marteinn Baldursson, formaður umhverfis- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar, og Þróstur Ólafsson, formaður Skógræktarfélags Reykjavíkur, undirrita tímamótasamning um aukna skógrækt í borgarlandinu (Mynd RVK).



Mikið grjóthrun varð í jarðskjálftanum 29. maí s.l. í Reykjafjalli við Garðyrkjuskólan á Reykjunum, en skógurinn náði að haegja á og stöðva mikið af grjótinu áður en það náði niður á jafnsléttu (Mynd ÚÓ).



Tvö sitkagrenitré hafa náð að stöðva ríumlæg eins tons þungt grjót sem virðist hafa verið á mikilli ferð í brattri hlíð (Mynd ÚÓ).

Gömul tré – hvernig er vernd þeirra háttar?

Ivetur voru öll trén umhverfis Heilsuverndarstöðina í Reykjavík feld. Öll trjáröðin var feld í einni lotu, tré sem væntanlega hafa verið gróðursett fljóttlega eftir að húsið var byggt og tekið í notkun, en það var formlega vígt árið 1957. Þetta var trjábelti sem setti hlýlegan svip á umhverfið og rammaði stóra lóð stöðvarinnar. Ekki síst skapaði þetta hlýlega nærveru við stöðina sjálfa, en trén skermuðu frá allt umlykjandi og erilsama bílaumferðina og bílastæðin.

En talið var rétt að fella öll trén, skilja ekki eitt einasta eftir eins og sést á meðfylgjandi myndum.

Petta dæmi er ágætur hvati til umræðu um meðferð og vernd gamalla trjáa. Eins og málum er háttar nū geta sveitarfélög sett reglugerðir varðandi meðhöndlun á gömlum trjám og farið fram á að eigendur þeirra afli sér leyfis áður en trén eru feld. Í Reykjavíkurborg er til reglugerð sem segir að ef tré eru orðin 8 m há eða



Trjábeltin virðast hafa verið mest vaxin reynivið, en hér sjást reynibolirnir í stöflum fyrir kurlun. Sérstaka athygli vekur hversu lítil reyniáta er í þessum stofnum og hvað þessi tré hafa greinilega verið heilbrigð og frísk. Samt var talið rétt að fjarlægja þau öll (Mynd JGP).



Pegar Laufblöðungur fór á vettvang var búið að fella öll trén. Í staðinn fyrir að gestir Heilsuverndarstöðvarinnar horfi á grænan gróður blasa nú við bílastæði og umferð. Ekki eitt einasta tré hefur verið skilið eftir (Mynd JGP).

60 ára gömul þarf að fá leyfi umhverfissviðs fyrir fellingu. Slíkar reglur eru hins vegar ekki til staðar hjá öllum sveitarfélögum. Það má velta fyrir sér hvort þessi reglugerð sé nægjanleg vernd.

Trjágróður er eitt af því sem gefur eldri hverfum hlýlegt yfirbragð og glæsieika. Þau geta staðið margar kynslóðir, en elstu tré í þéttbýli eru orðin meira en 100 ára gömul og eru þannig orðin órjúf-anlegur hluti af menningu og sögu.

Sveitarfélögini hafa í gegnum sitt skipulagsvald möguleika á að móta stefnu um vernd og meðferð trjágróðurs. Það viljum við hjá Skágræktarfélagi Íslands hvetja til að þau geri sem flest, hugsanlega á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga, ekki síður en gert er með gömul hús.

Gömul hús má þó endurbryggja en gömul tré eru að eilífu glötuð sé óvarlega að farið.

Laufblaðið

Fréttablað, 17. árgangur 2. tölublað 2008.
Laufblaðið er sent endurgjaldslaust til allra félagsmanna í skágræktarfélögum.
Með því að gerast félagsmaður í skágræktarfélagi færð þú Laufblaðið og Frækornin send heim reglulega.

Útgefandi:
Skágræktarfélag Íslands
Skúlatúni 6, 105 Reykjavík
sími: 551-8150
heimasíða: www.skog.is

Ritstjóri:
Jón Geir Pétursson
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Prófarkalestur:
Ragnhildur Freysteinsdóttir umhverfisfræðingur.

Ábyrgðarmaður:
Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri.
Umbrot og prentun:
Ísafoldarprentsmiðja.

Stjórn Skágræktarfélags Íslands kjörin á aðalfundi 2007:
Magnús Gunnarsson formaður,
Ólafía Jakobsdóttir varaformaður,
Guðbrandur Brynjúlfsson gjaldkeri,
Porvaldur S. Þorvaldsson ritari.

Meðstjórnendur:
Aðalsteinn Sigurgeirsson,
Jónína Stefánsdóttir,
Þuríður Yngvadóttir.

Varamenn:
Sigrún Stefánsdóttir,
Páll Ingþór Kristinsson,
Vilhjálmur Lúðvíksson.

Eftirtalin fyrirtæki eru
aðalstyrktaraðilar
Skágræktarfélags Íslands



HÚASMIÐJAN
www.husa.is



Skógarfura – fallegt eintak á Heiðmörk

Skógarfura var um árabil ein mest gróðursetta trjátegundin í íslenskri skágrækt. Eftir skæða meindýraplágu var nánast hætt að nota þessa trjátegund, enda urðu mikil arföll af tegundinni.

Hins vegar eru fjölmörg dæmi um skógarfurutré sem virðast hafa staðist afallíð og eru í góðum vexti.

Kristján Bjarnason, skógarvörður hjá Skágræktarfélagi Reykjavíkur, sendi Laufblaðinu þessa mynd af fallegri skógarfuru. Þetta tré standur á árunum 1953-1962 og er um 8 metra hátt.

Kannski leynist þarna erfðaefni skógarfuskóga framtíðarinnar?



Skógarfurutréð á Heiðmörk sést hér fyrir miðri mynd (Mynd KB).

TOYOTA

blómaval
heillandi heimur

olis
OLÍUVERZLUN
ÍSLANDS HF

Merkar fornleifar við Rauðavatn

Skógrinn við Rauðavatn, sem gengur undir nafninu Rauðavatnsstöðin, er í grunninn einn elsti ræktaði skógur Íslands. Ræktun hófst á svæðinu að tilstuðlan danskra frumkvöðla í skógrækt og landgræðslu árið 1901, eða á svipuðum tíma og ræktun Furulundarins á Þingvöllum, Grundarreits í Eyjafirði og í Mörkinni á Hallormssstað.

Upphaflega voru skilgreind tvö svæði við Rauðavatn – Gróðrarstöðin (Plantskolen) og Skóglendið (Plantasjen) og liggja þau saman. Samtals voru teknir um 11 hektarar til ræktunar. Til eru mjög ýtarlegar sögulegar heimildir um starfið á svæðinu þessi fyrstu ár í formi skýrla dönsku skógræktarmannanna. Nefnast þær Islands Skovsag, en skýrlurnar komu út í bók á vegum landbúnaðarráðuneytisins í fyrra í tilefni af 100 ára afmæli skógræktar í landinu. Einnig eru þær aðgengilegar á netinu undir www.islandsskovsag.net. Verður það ekki endursagt hér, en þessar heimildir eru mjög aðgengilegar fyrir þá sem vilja kynna sér þær frekar.

Í Rauðavatnsstöðinni fóru fram fjölmargar tilraunir í skógrækt með ýmsar trjátegundir. Mikið af því misfórst, en bestur árangur náðist á þessum árum af ræktun lágvaxinnar fjallafuru sem vex enn á svæðinu. Gamlí hleðslugardurinn umhverfis gróðrarstöðina er ennþá mjög greinilegur.

Í nýlegri heimsókn Laufblöðungs í skóginn vöktu gamlir girðingarstaurar hins vegar athygli. Virðast þarna vera ennþá uppistandandi gamlir girðingarstaurar frá upphafi ræktunarinnar fyrir rúmum hundrað árum. Hugsanlega þekkir einhver lesandi Laufblaðsins til þeirra, en svo virðist sem þetta séu staurar úr upphaflegu girðingunni?

Í skýrslum dönsku skógræðinganna, Islands skovsag, frá árunum 1899-1907 er skrifad um uppsetningu á veggri girðingu úr innfluttu efni sem þeir kalla „engelsk gjerde“. Þetta girðingarefn kom væntanlega frá fyrirtækinu Bayliss, Jones & Bayliss Ltd. í London.

Þessir gömlu staurar eru því merkilegar minjar um brautryðjendastarf í skógrækt og ræktunar í landinu og þarf að tryggja að þeir varðveitist. Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa. Samkvæmt landslögum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla fornleifum, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.

Reynist sú tilgáta rétt að þessir staurar séu úr upphaflegu girðingunni, þarf að velta því fyrir sér hvort þeir séu best geymdir áfram við Rauðavatn, eða hvort þeim skuli finna annan geymslustað, svo sem Þjóðminjasafn eða Landbúnaðarsafn Íslands.



Parna er einnig að finna hornstaurasamstæður af sömu gerð, eins og sést á þessari mynd (Mynd JGP).



Hilmar Bjartmarz setur niður fallega trjáplöntu (Mynd: Ragnheiður Jósúadóttir).



Valdimar M. Pétursson brosand með skófli í hendi (Mynd: Ragnheiður Jósúadóttir).

Vinnuferð Skógræktarfélags Skáta á Úlfþjótsvatni

Skógræktarfélag Skáta á Úlfþjótsvatni hélt í sína árlegu vinnuferð fimmtudaginn 29. maí til að gróðursetja og hlúa að gróðri á svæði félagsins við Úlfþjótsvatn. Þar er að vaxa upp vöxtulegur skógur.

Pessi ferð og gróðursetning á hins vegar eftir að verða þáttakendum eftirminnileg, en það var einmitt þann dag sem stóri jarðskjálftinn varð, er átti upptök sín skammt frá Ingólfssfjalli..

Myndirnar voru teknar af Ragnheiði Jósúadóttur.



Að lokinni gróðursetningu og jarðskjálftum fengu þáttakendur sér kaffi og kökur. F.v. Halldór Halldórsson, Sturla Bragason, Hilmar Bjartmarz, Bjargey Ingólfssdóttir, Valdimar M. Pétursson og Brynjar H. Bjarnason (Mynd: Ragnheiður Jósúadóttir).



Þetta er girðingarstaur sem enn stendur í Rauðavatnsgirðingunni, hugsanlega búinn að gegna sínu hlutverki í um 100 ár? (Mynd JGP).



Náttúrufegurð er mikil á Kamsjatka. Þessi mynd er tekin af einu tignarlegu eldfjalli nærri borginni Petropavlosk (Mynd PÓP).

Nokkur sæti laus í ferð skógræktarfélagsins til Kamsjatka og Moskvu í haust

Ferð Skógræktarfélags Íslands í ár liggur um fjarlægar og framandi slóðir. Þann 12. september verður flogið austur til Moskvu og þaðan áfram allt austur að Kyrrahafi til Kamsjatkaskagans. Kamsjatka er austasti hluti Rússlands og skartar óhemju fagurri náttúru. Þar er einnig áhugavert gróðurfar en hingað til Íslands hafa borist nokkrar trjáa- og runnategundir sem lofa góðu.

Ferðin tekur um tvær vikur og felur í sér ferðalag um Kamsjatkaskagann og viðkomu í fjórar nætur í Moskvu.

Flogið verður héðan þann 12. september og komið aftur þann 26. sept-

ember. Pétur Óli Pétursson, sem skipulagði og leiðsagði í ferðinni til Arkhangelsk og Pétursborgar haustið 2006, mun einnig skipuleggja þessa ferð.

Meginhluti kostnaðar við ferðina er greiddur í evrum og getur verð því breyst í samræmi við breytingar á gengi. Verð ferðarinnar er samtals 3.279 evrur og felur það í sér ferðir og um 2/3 af öllum mat.


Nánari upplýsingar og skráning í ferðina er á skrifstofu félagsins í síma 551-8150 eða í tölvupósti á skog@skog.is.

Enn eru örfa sæti laus í ferðina.

TVÖFALDUR VÖXTUR TRJÁPLANTNA MED HLÚPLASTI



Til skipulagnings og verndar við trjáarkt



Ótvíraður árangur

Hlúplast ræktunardúkurinn er þróaður í samvinnu við Skógrækt ríkisins.

Niðurstöður mælinga Skógræktarinnar sýna ótvíraðt framá gildi Hlúplastdúksins við ræktun trjáplantna. Vaxtahraði trjáplantnanna tvöfaldæðist á sex ára tímabili.



Plastprent hf.

Sími: 580 5600 • Fax: 580 5690

FRÁBAERT FJÖLNNOTATÆKI FYRIR FRÍSTUNDABÓNDANN OG FAGMANNINN AVANT 220 20 hestöfl



Staurabor

AVANT
NETTUR, LIPUR OG ÖFLUGUR

Hringdu í 414-8600 og fáðu sendan bækling og/eða DVD

www.avanttecnico.com

Litið sýnishorn af þeim aukahlutum sem hægt er að fá



Sturtuvagn



Jarðvegstætari



Sláttuvél



Gröfuarmur

Vélaborg ehf. www.velaborg.is

REYKJAVÍK:	Krókhálsi 5F	110 Reykjavík	Sími: 414-8600	Fax: 414-8601
AKUREYRI:	Njarðarnesi 2	603 Akureyri	Sími: 464-8600	Fax: 464-8601
AUSTURLAND:	Strandgötu 14	735 Eskifjörður	Sími: 476-1890	Fax: 476-1890

Eftirtaldir aðilar hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

Reykjavík

Aflbinding ehf, Viðarrima 25
 Alþýðusamband Íslands, www.asi.is, Sætúni 1
 ARGOS ehf - Arkitektastofa Grétars og Stefáns, Eyjarslóð 9
 Ásbjörn Ólafsson ehf, Kóllunarklettsvegi 6
 Bílaleigan AKA, Vagnhöfða 25
 Bílasmiðurinn hf, Bíldshöfða 16
 Byggingafélag Gylfa og Gunnars ehf, Borgartúni 31
 Dynjandi ehf, Skeifunni 3h
 E.T. ehf, Klettagörðum 11
 Efling stéttarfélag, Sætúni 1
 Endurvinnslan hf, Knarravogi 4
 Eyjólfur Rósmundsson ehf, Jöldugrót 12
 Eyrir fjárfestingafélag ehf, Skólavörðustíg 13
 Faxaflóahafnir sf, Hafnarhúsínu Tryggvagötu 17
 Fjölbautaskólinn við Ármúla, Ármúla 12
 Fjölhönnun hf, verkfræðistofa, Stórhöfða 27
 Forval ehf, Grandagarði 8
 G Hannesson ehf, Borgartúni 23
 Garðmenn ehf, Skipasundi 83
 Garðsauki ehf, Neshömrum 5
 Garðyrkjubjónustan ehf, Skipholti 29b
 Guðmundur Jónasson ehf, Borgartúni 34
 Hilmar D. Ólafsson ehf, Langholtsvegi 13
 Hvítá húsið hf, auglýsingastofa, Brautarholti 8
 Höfðakaffi ehf, Vagnhöfða 11
 Iðntré ehf, Draghálsi 10
 Innheimtustofnun sveitarfélaga, Lágmuða 9
 Innes ehf, Fossaleyri 21
 Kjaran ehf, Síðumúla 12-14
 Kjörgarður, Laugarvegi 59
 KPMG hf, Borgartúni 27
 Lagnafélagið ehf, Tjarnargötu 10c
 Landvernd, Skúlatúni 6
 Laugarnesskóli, Kirkjuteigi 24
 Lífland, Korngörðum 5
 Mentis hf, Borgartúni 29
 Moldarblandan - Gæðamold hf, Gylfaflót 20
 Nexus afþreying ehf, Hverfisgötu 103
 Ottó B. Arnar ehf, Skipholti 17
 Rafstilling ehf, Dugguvogi 23
 Raftækning hf, Suðurlandsbraut 4
 Raftíðni ehf, Eyjarslóð 3

Reykjaprent ehf, Síðumúla 14, 2. hæð
 Reykjavíkurborg/ Umhverfis- og samgöngusvið, Ráðhúsinu
 Reynir Grétarsson, Kaldaseli 19
 Ríkisendurskoðun, Skúlagötu 57
 S.S. Hellulagnir ehf, Þórðarsveig 34
 Samiðn, Borgartúni 30
 Sjúkravörur, Suðurlandsbraut 52
 Skalli við Vesturlandsveg, Grjóthálsi 8
 Slíppfélagið í Reykjavík hf, Dugguvogi 4
 Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs, Skógarhlíð 14
 Stanislas Bohic garðhönnun sími: 898 4332, Grettisgötu 22
 Suzuki bílar hf, Skeifunni 17
 Sökkull ehf, Funahöfða 9
 Tark Teiknistofan ehf, Brautarholti 6
 Tanngo ehf - tannlæknastofa
 Gunnars Rósarsonar, Vegmúla 2
 Tannréttингastofa Guðrúnar Ólafsdóttur, Snorrabraut 29
 Töskuviðgerðir, Ármúla 34
 Umslag ehf, Lágmuða 5 (bakhús)
 Úti og inni sf, Þingholtsstræti 27
 Verkfræðistofan VIK ehf, Laugavegi 164, 2. hæð hægri
 Vélaverkstæðið Kistufell ehf, Tangarhöfða 13
 VSÓ Ráðgjöf ehf, Borgartúni 20
 Þ Þorgrímsson og Co ehf, Ármúla 29
 Þórtak ehf, Brúnastöðum 73

Seltjarnarnes

Seltjarnarnesbær, Austurströnd 2

Kópavogur

ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18
 Bílþvottastöðin Löður ehf, Bæjarlind 2
 Byggðaþjónustan ehf, Auðbrekku 22
 dk hugbúnaður ehf, Hlíðasmára 17
 Gæðaflutningar ehf, Stórahjalla 35
 Hvellur - G. Tómasson ehf, Smiðjuvegi 30
 Járnsmiðja Óðins ehf, Smiðjuvegi 4b
 Kambur ehf, Geirlandi v/Suðurlandsveg
 Prentsmiðjan Viðey ehf, Smiðjuvegi 18
 Smári Guðmundsson
 skruðgarðyrkjumeistari, Þinghólsbraut 1
 Tvö hjörtu ehf, Bæjarlind 3
 Verkfræðistofa Snorra Ingimarssonar ehf, Hamraborg 11

Garðabær

Geislatækni ehf Laser-þjónustan, Suðurhrauni 12c

Hurðaborg ehf, Sunnuflöt 45
 Loftorka Reykjavík hf, verktaki, Miðhrauni 10
 Manus ehf, Smiðsbúð 7
 Öryggisgirðingar ehf, Suðurhrauni 2

Hafnarfjörður

Alexander Ólafsson ehf, Grandatröð 2
 Fura málmendurvinnslan ehf, Hringhellu 3
 Hafnarsport.is, Fornubúðum 8
 Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð, Gullhellu 1
 Hótel Hafnarfjörður, Reykjavíkurvegi 72
 Lerkiverktakar ehf, Skúlaskeiði 26
 Raftaki ehf, Efstuhlíð 4
 Spennubreytar, Trönuhrauni 5
 VBS-verkfræðistofa ehf, Bæjarhrauni 20
 Verkalýðsfélagið Hlíf, Reykjavíkurvegi 64

Bessastaðahreppur

Sveitarfélagið Álfanes, Bjarnastöðum

Reykjanesbær

Hitaveita Suðurnesja, Brekkustíg 36
 Íslenska félagið ehf, Iðavöllum 7a
 Reykjanesbær, Tjarnargötu 12
 Slakki ehf, Stekkjargötu 51
 Toyota, Reykjanesbæ, Njarðarbraut 19
 Varmamót ehf, Framnesvegi 19
 Verslunarmannafélag Suðurnesja, Vatnsnesvegi 14

Grindavík

Grandsmíði ehf, Kirkjustíg 5
 Grindavíkurkaupstaður, Víkurbraut 62
 Rafþjónusta Birgis ehf, Seljabót 7
 Stakkavík ehf, Bakkalág 15b
 Útgerðarfélagið Einhamar ehf, Verbraut 3a

Sandgerði

Fiskmarkaður Suðurnesja hf, Hafnargötu 8

Garður

Sveitarfélagið Garður, Sunnubraut 4

Mosfellsbær

Glertækni ehf, Völuteigi 21
 Ingimundur Magnússon ehf, Breiðufit
 Ísfugl ehf, Reykjavígi 36
 Nýja bílasmiðjan hf, Flugumýri 20
 Reykjalandur - plastiðnaður ehf, Reykjalandi

Akranes

GT Tækni ehf, Grundartanga

Stórtjón í gróðurbruna í Hafnarfirði

Vor komu upp endurteknir gróðureldar á ræktunarsvæðum Skágræktarfélags Hafnarfjarðar. Þessir atburðir voru mikið umfjöllunarefní í fréttum í vor og viljum við hjá Laufblaðinu draga saman atburðarásina úr fréttunum.

I. Í fréttum lögreglunnar þann 30. apríl kemur eftirfarandi fram:

- „Stórtjón varð í tveimur sinubrunum við Hvaleyrarvatn, ofan Hafnarfjarðar, í vikunni. Aðfaranótt mánudags var kveikt í norðan við vatnið og rúmlega sólarhring síðar voru brennuvargar á ferð sunnan við Hvaleyrarvatn. Málin eru að mestu upplýst en sex piltar á aldrinum 17-20 ára voru handteknir vegna rannsóknarinnar. Aðild fimm þeirra liggur fyrir og hafa þeir játað sök en alls voru tíu piltar yfirheyðir vegna þessara sinubruna.“
- Í apríl hafa löggreglumenn af svæðisstöðinni í Hafnarfirði farið í númer útköll vegna sinubruna. Oft er um að kenna fíkti barna með eldspýtur en í nýjustu sinubrununum við Hvaleyrarvatn var ekki slíku fyrir að fara. Þar áttu engir óvitar hlut að máli. Þess má jafnframt geta að fyrr í manuðinum kvíknaði í stolnum bíl og hesthúsi á þessum sömu slóðum en þau mál eru óupplýst.
- Tjónið við Hvaleyrarvatn er gríðarlegt en þar hafði fólk lagt mikið á sig við ræktun“.

II. Í fréttum Morgunblaðsins þann 2. maí kemur síðan eftirfarandi frétt:

- „Sinubruninn mikli við Hvaleyrarvatn á sunnudag telst afar sérstæður atburður fyrir þær sakir að hann mun vera einn af örfáum ef ekki eini sinubruninn þar sem tekst að finna sakborninga, hvað þá að þeir játi sök hjá lögreglu. Reyndar staðhæfir Árni Þórólfsson hjá Skágræktarfélagi Hafnarfjarðar að mál af þessu tagi hafi aldrei verið kært áður og hefur hann það eftir lögreglu. Kæra verður væntanlega lögð fram á morgun af hálfu félagsins og markar það því ákveðin þáttaskil í meðferð þessara brota.“
- Um 10 hektarar af gróður- og útvistarsvæði urðu eldinum að bráð og meðal þess sem brann voru kynbættar birkiplöntur af dýru fræi sem kallast Embla. Áður en gróðursetning hófst á svæðinu fyrir 15 árum var þar berangur en smám saman var svæðið rektað upp. „En nú er þetta orðin eyðimörk aftur,“ segir Árni. „Svæðið nýtist ekki sem útvistarsvæði svona kolsótugt. Það þarf að gera mönnun grein fyrir því tjóni sem hefur orðið.“
- Lögreglan sleppti hinum grunuðu úr haldi á þriðjudagskvöld eftir að játning lá fyrir og mega þeir vænta ákæru fyrir brot á hegningarlögum. Er malið rannsakað sem brot á 164. gr. þar sem kveðið er á um 6 mánaða



Miklar skemmdirur urðu á útvistarsvæðunum við Hvaleyrarvatn í gróðureldunum í vor. Engu munaði að skógræktarsvæði Hákonar heitins Bjarnasonar brynni, en eins og sést á þessari mynd náði eldurinn alveg að lundinum (Mynd JGP).



Stórt svæði á upplandi Hafnarfjarðar brunnu, meðal annars landnemaspildur á hugafólks. Hér sést eyðileggining eftir brunann (Mynd JGP).



Mikið tjón varð þegar ungur skógur af kynbættu birki varð eldinum að bráð (Mynd JGP).

fangelsi fyrir eldsvoða, sem hefur í för með sér almannahættu. Einnig er malið rannsakað sem eignaspjöll en slík brot geta skv. hegningarlögum varðað allt að 6 ára fangelsi. Burtséð frá því hver verður niðurstæða ákærvalds varðandi saksókn og refsíkröfur, staðhæfir löggreglan að hér sé um algert ásetningsbrot að ræða.

- „Þetta er ekki gáleysisbrot,“ segir Helgi Gunnarsson rannsóknarlöggreglumaður sem hefur malið á sinni könnu. „Þetta er gert með vitund og vilja og til þess að valda sem mestum spjöllum.“ Segir hann að sakborningarnir hafi ætlað sér að búa til mikinn eld, þótt hitt sé e.t.v. annað mál hvort þeir hafi átt að sig á því að eldtungurnar yrðu 2 metra háar. „En tilgangurinn var að búa til sinueld.“
- Hann segir að frá 30. mars hafi 11 sinnum verið kveikt í svæðinu, þar af einu sinni í hesthúsi og öðru sinni í bíl. „Þetta eru ekki barnabrek grunnskóla krakka, heldur eru þetta strákar í kringum 18 ára aldurinn sem um ræðir.““

III. Í fréttum Ríkisútvarpsins þann 1. maí birtist eftirfarandi frétt um malið:

- „Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, segir að bæjaryfirvöld og Skágræktarfélag Hafnarfjarðar muni standa saman að því að kæra þá sem kveikt hafa í sinu í landi Hafnarfjarðar síðustu daga, meðal annars með þeim afleiðingum að miklar skemmdir hafa orðið á trjágróðri. Tjónið sem brunarnir ollu er allt að 30 milljónir króna.“
- Sinubrunar hafa verið tíðir í Hafnarfirði síðustu daga. Hæst ber þó að í byrjun vikunnar var kveikt í sinu við Hvaleyrarvatn og urðu þá gríðarlegar skemmdir á trjám í landi Skágræktarfélags Hafnarfjarðar. 5 piltar á aldrinum 17-20 ára hafa játað að hafa kveikt þar eld tvísvar á rúmum sólarhringum.
- Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, segir bæjaryfirvöld líta malið mjög alvarlegum augum, enda hafi 12 hektarar í útvistar- og skógræktarlandi Hafnarfjarðar brunnið. Þá sé ljóst að eldarinnir hafi ekki verið kveiktir fyrir slysni. Skágræktarfélagið mun hitta fulltrúa rannsóknarlöggregunnar á morgun og fara yfir hvernig tjónið verður metið. Lúðvík segir að þar komi bæði til greina fábætur, og að þeir sem kveikuð eldana taki sjálfrir þátt í að rækta landið upp aftur. Í það minnsta er ljóst að fjárhagslegt tjón er mikið.“
- Staða málsins er því sí að Skágræktarfélag Hafnarfjarðar hefur kært viðkomandi aðila til löggreglu fyrir tugmilljóna eignatjón og mun malið verða rekið fyrir dómstólum.

Hagraent mat á fjölpæ



Elliðavatn er hluti Heiðmerkur. Hér sést heim að Elliðavatnsbænum en þar hefur Skógræktarfélag Reykjavíkur bækistöð (Mynd JGP).

Heiðmerkurrannsóknin

Fyrir á árinu var hleypt af stokkunum þverfaglegu rannsóknarverkefni, sem fjallar um mat á þjónustu sem vistkerfi veita samfélagini. Náttúra og umhverfi veita margvíslega þjónustu, þjónustu sem rannsaka má á hagrænan hátt og fá þannig fram verðgildi einstakra þjónustupáttu. Þessa þjónustupáttu er hægt að meta sameiginlega þegar nýtingarstefna er mótuð fyrir ákveðin svæði. Skortur á hagrænu mati á fjölpættri þjónustu náttúrunnar leiðir oft til þess að ákvarðanir eru tekna einungis á forsendum um hagnað af beinni nýtingu auðlinda, en

ekkert tillit tekið til fjölpættra annarra verðmæta sem spillast við þá nýtingu.

Heiðmörk í Reykjavík og Garðabæ er tekin fyrir sem rannsóknnavettvangur, enda fjölbreytt vistkerfi sem veitir margvíslega þjónustu.

Niðurstöðurnnar munu leiða í ljós verðmæti einstakra þjónustuþáttu svæðisins og draga fram beint peningalegt virði Heiðmerkur.

Framkvæmd

Petta er samstarfsverkefni Háskóla Íslands, Rannsóknastöðvar skógræktar á Mógi, Skógræktarfélags Íslands,

Skógræktarfélags Reykjavíkur og þriggja eignaraðila svæðisins, Reykjavíkurborgar, Garðabæjar og Orkuveitu Reykjavíkur.

Heiðmerkurrannsóknin fékk rausnarlegan styrk úr umhverfisrannsóknasjóði Orkuveitu Reykjavíkur nú í vor og eins hafa sveitarfélögin Reykjavíkurborg og Garðabær ákveðið að styrkja verkefnið myndarlega. Þessir þrír aðilar eru landeigendur á Heiðmörk.

Stjórn verkefnisins skipa Aðalsteinn Sigurgeirsson og Arnór Snorrason, Rannsóknastöð skógræktar á Mógi, Brynhildur Davíðsdóttir og Daði Már



Innan Heiðmerkur eru vatnsból stórs hluta þjóðarinnar, en það er ákaflega mikilvæg þjónusta svæðisins (Mynd JGP).

Þjónusta vistkerfa – hvað er það?

Í þessari rannsókn er enska hugtakið „ecosystem services“ þýtt sem þjónusta vistkerfa. Þjónusta vistkerfa getur verið fjölbreytt, en einstakir þjónustupáettir eru mismunandi milli staða og svæða. Sem dæmi getur skógi vaxið landssvæði bæði veitt skilgreinalega þjónustu svo sem til útvistar, skýlingar fyrir byggð, viðarframleiðslu, vatnsmiðlunar, kolefnisbindingar, sem búsvæði lífvera og sem byggingarland.

Rannsókn á vir...

Kristófersson, Háskóla Íslands, Jón Geir Pétursson, Skógræktarfélagi Íslands, Helgi Gíslason, Skógræktarfélagi Reykjavíkur, Erla Bil Bjarnardóttir, Garðabæ, Eggert Lárusson og Hannes Frímann Sigurðsson, Orkuveitu Reykjavíkur og Þórólfur Jónsson, Reykjavíkurborg. Jón Geir er verkefnistjóri.

Tveir meistaránemar í umhverfis- og auðlindafræði og doktorsnemi við Háskóla Íslands munu vinna að verkefnið í fyrsta áfanga. Hefur undirbúningur þeirra gengið vel og eru þau nú að hefjast handa við gagnasöfnun í samræmi við markmið verkefnið. Gabriel Picard mun vinna meistaraverkefni um virði skóga á Heiðmörk, Halla M. Jóhannesson dottir mun vinna sitt meistaraverkefni á verðmæti þjónustu vatns/vatna á Heiðmörk og Kristín Eiríksdóttir doktorsnemi í umhverfishagfræði mun rannsaka virði útvistarþjónustu svæðisins.

Í kjölfarið er stefnt að fleiri áföngum



Heiðmörk er gríðarlega vinsælt útvistarsvæði. Rann (Mynd JGP).

Etttri þjónustu vistkerfa

Verði Heiðmerkur

í verkefninu og þá í samstarfi við fleiri aðila.

Markmið

Í náttúrunni eru fólgir mikil verðmæti, svokölluð náttúrugæði. Þau verðmæti eru bæði bein og óbein, sum sem við nýtum en önnur sem við njótum. Sum þessara verðmæta ganga kaupum og sölum en önnur eru nýtt án þess að neytandinn greiði fyrir notin. Til að leggja mat á náttúrugæði er hentugt að skilgreina þá þjónustu sem þau veita samfélagini (e: ecosystem services).

Við leggjum víðtækan skilning í þjónustu náttúrunnar og ítrekum að skilgreind séu bein hagræn þjónusta vistkerfa svo og þjónusta sem erfiðara er að verðmeta beint, svo sem tilvistargildi og fagurfræði.

Skortur er á þekkingu á verðmætum slíkrar þjónustu, bæði hér á landi og á alþjóðavísu.



Bæði Elliðavatn og Vífilsstaðavatn eru vinsæl veiðivötn. Hér sást einnig upphbygging byggðar á vesturbakka vatnsins (Mynd JGP).

Í fyrsta lagi er mat okkar á náttúragæðum yfirleitt einungis byggt á einum þjónustuhætti. Þannig er gjarnan lagt upp með að einungis sé hægt að verðmeta Gullfoss í megavöttum eða náttúruverndarsvæði eins og Heiðmörk sem byggingarlöðir.

Í öðru lagi skortir þekkingu á sampættingu þessara margvíslegu verðmæta sem náttúran veitir. Heildarmyndina skortir. Heiðmörk er á sama tíma vatnsverndarsvæði, fjölbreytt útvistarsvæði, vöxtulegt skóglendi og bakland byggðarinnar.

Þessi skortur á heildarmynd, og þar með heildarverðmætum, er einmitt ein undirrót þess ágreinings sem oft skapast

milli þeirra sem vilja nýta og þeirra sem vilja njóta og víða er í brennidepli þjóðfélagsumræðunnar.

Rannsóknir og niðurstöður þeirra á virði mismunandi náttúrugæða hafa því bæði mikið fræðilegt og hagnýtt gildi. Fræðilega er þetta fagsvið sem er í örri þróun um þessar mundir og hagnýtt gildi er mikið, ekki síst fyrir stjórnun vistkerfa og alla ákvarðanatöku um notkun og nýtingu þeirra. Því er sóst eftir niðurstöðum slíkra rannsókna, jafnt hér á landi sem alþjóðlega.

Skortur á hagrænu mati á fjölbættri þjónustu náttúrunnar leiðir oftar en ekki til þess að ákvarðanir eru teknar einungis

á forsendum um hagnað af beinni nýtingu auðlinda, en ekkert tillit tekið til fjölbættra annarra verðmæta sem spillaði við þá nýtingu.

Aðferðum við peningalegt mat fjölbættra náttúruverðmæta hefur fleygt fram á undanförnum árum. Því eru nú til aðferðir til að meta bæði það sem vinnst og það sem tapast, við mismunandi nýtingu náttúrunnar.

Í rannsókninni er ætlunin að nýta mismunandi hagrænar aðferðir við verðmat einstakra þjónustuhættu Heiðmerkur og öðlast með því skilning á heildarverðmæti svæðisins. Það verður í fyrsta skipti sem slíkt er gert á Íslandi.



Útvist svæðisins er fjölbreytt, en hestamenn eru stórir notendur að þjónustu svæðisins (Mynd JGP).

Nýbreytni á fulltrúafundum skógræktarfélaganna – fundur á Hótel Hamri í Borgarfirði

Ivetur ákvað stjórn Skógræktarfélags Íslands að taka upp nýtt fyrirkomulag á fulltrúafundum félagsins. Í stað þess að halda einn stóran fund í Reykjavík, var ákveðið að halda svæðisbundna fundi út um land.

Slíkur fulltrúafundur skógræktarfélaganna var haldinn á Hótel Hamri í Borgarfirði laugardaginn 12. apríl. Fundurinn hófst með ávarpi Magnúsar Gunnarssonar, formanns Skógræktarfélags Ísland. Dagskrá fundarins var fjölbreytt. Páll S. Brynjársson, sveitarstjóri Borgarbyggðar, flutti áhugavert erindi um starf sveitarfélagsins, samskipti við félagasamtök og mikilvægi félagsauðs. Þá var komið að skógræktarfélögum frá Vesturlandi og Suðvesturlandi að kynna starfssemi sína, en mættir voru fulltrúar frá þrettán félögum.

Eftir hádegismat voru svo þrjú erindi. Fyrst fjallaði Einar Gunnarsson, frá Skógræktarfélagi Íslands, um breytingar á

geymsluog flutningum trjáplantna, sérstaklega tengdar frystingu á plöntum. Því næst fjallaði Sigríður Björk Jónsdóttir, varaformaður skipulags- og byggingarnefndar Borgarbyggðar um skipulagsmál í sveitarfélögum og spunnust tölverðar umræður um það mál. Seinastur á mælendaskrá var svo Ragnar Frank Kristjánsson, lektor við Landbúnaðarháskóla Íslands, sem hélt áfram með skipulagsmál og skógrækt. Að loknum fundinum var farið í vettvangsferð, fyrst að gamla bænum á Hamri, sem nú er klúbbhús Golfklúbbs Borgarness, þar sem Guðmundur Eirksson sagði frá ræktun skjólbelta og trjáa við golfvölliinn. Því næst var haldið út í skóg í Einkunnunum, þar sem boðið var upp á hressingu og Björg Gunnarsdóttir, umhverfis- og upplýsingafulltrúi Borgarbyggðar, sagði frá svæðinu.

Pessi nýbreytni í fyrirkomulagi fulltrúafundar þótti takast vel.



Hluti fundarmanna í vettvangsskoðun (Mynd JGP)



Svissnesku hjónin Sylvia og Martin Seiz hafa um árabil styrkt skógræktarfélögum á Patreksfirði og Breiðdalsvík til góðra verka. Þau heimsóttu Ísland í vor og var þessi mynd tekin af þeim í Brynjadal í Hvalfirði (Mynd BJ).

Velgjörðarfólk íslenskrar skógræktar í heimsókn

Imaí síðast liðnum voru hjónin Sylvia og Martin Seiz á ferð hér um landið. Martin hefur um árabil stutt fjárhagslega við tvö skógræktarfélög á landinu og hyggst að sögn áfram veita þann stuðning. Þetta framtak lýsir einstökum velvilja til starfs áhugasamtaka og skógræktar hér og hefur aukið möguleika félaganna tveggja til að láta gott af sér leiða, en það eru skógræktarfélögum á Patreksfirði og Breiðdalsvík. Að auki voru þau syni sínum, Thomas Seiz, innan handar við skipulagningu og umsjón með ferðalagi Skógræktarfélags Íslands til Sviss síðasta haust.

Pann 6. júlí næst komandi verður táknað gróðursetning á jörðinni Nollí í Eyjafirði, sem er í eigu Thomas. Þar mun skógræktarfólk og ferðalangar úr ferðalaginu til Sviss gróðursetja, meðal annars til að endurgjalfa þá miklu ræktarsemi sem fjölskyldan hefur sýnt skógræktarfólk hér á Íslandi undanfarin ár. Þeir sem hafa áhuga á að taka átt í gróðursetningunni þennan dag eru vinsamlega beðnir um að hafa samband við Skógræktarfélag Íslands og tilkynna þátttöku (s. 551-8150 eða skog@skog.is).

Útikennslustofa opnuð í Hafnarfirði

Imaí síðast liðnum tók Skógræktarfélag Hafnarfjarðar formlega í notkun útikennslustofu í fallegum lundi við Húshöfða, á athafnasvæði félagsins.

Forsaga málsins er sú að hjónin Hörður Zóphaniásson og Ásthildur Ólafsdóttir gáfu Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar peningagjöf á 60 ára afmæli félagsins árið 2006. Gjöfinn fylgdi sú ósk að hún yrði notuð til að fræða ungt fólk um gildi skógræktar og uppræðslustarfs og til að sýna hversu fjölbreytt not má hafa af skógum.

Með þetta að leiðarljósi hafa starfsmenn og stjórn félagsins unnið að því að þróa og móta þetta verkefni.

Gróðurfar er fjölskrúðugt í Höfðaskógi og þar þrifst margbreytilegt dýra-

líf sem vert er að gefa gaum. Margar tegundir fugla hafast við í skóginum og eins er skógurinn til margra hluta nýtilegur og kjörinn vettvangur umhverfisfræðslu og tómstundastarfs af ýmsum toga. Því hentar Höfðaskógar sérlega vel fyrir útikennslustofu. Ásthildur Ólafsdóttir var viðstödd opnunina þegar séra Bára Friðriksdóttir, prestur í Ástjarnarsókn, blesaði reitinn. Fjölmenni mætti við opnunina á þessari glæsilegu aðstöðu sem skólafolk á öllum aldrum á örugglega eftir að nýta mikið í framtíðinni.

Opnun útikennslustofunnar er einn atburður af mörgum sem Skógræktarfélag Hafnarfjarðar stendur fyrir á þessu sumri í tilefni 100 ára kaupstaðarafmælis Hafnarfjarðar.



Einar Óskarsson skógarmaður og Gunnar Þórólfsson smiður hönnuðu og smiðuðu útikennslustofuna í skóginum (Mynd JGP).

Eftirtaldir aðilar hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

Skógræktarfélag Akraness, Furugrund 28
 Straumnes ehf, rafverktakar,
 Krókatúni 22-24
 Uppheimar ehf, Vesturgötu 45

Borgarnes

Borgarbyggð, Borgarbraut 14
 Framköllunarþjónustan ehf, Brúartorgi 4
 Laugaland hf, Laugalandi
 Margrét Guðjónsdóttir, Dalsmynni
 Skorradalshreppur, Grund

Ólafsvík

Útgerðarfélagið Guðmundur ehf,
 Brautarholti 18

Hellissandur

Hjallasandur ehf, Helluhóli 3
 Skógræktar- og landverndarfélag
 undir Jökli

Reykhólahreppur

Reykhólahreppur, Maríutröð 5a

Ísafjörður

Hólberg ehf, Sindragötu 12b
 Skógræktarfélag Ísafjarðar,
 Seljalandsvegi 38

Bolungarvík

Agnes M Sigurðardóttir, Völusteinsstræti 16
 Sparisjóður Bolungarvíkur, Aðalstræti 14

Súðavík

Súðavíkurhreppur, Grundarstræti 3

Pingeyri

Tengill, rafverktaki, Sjávargötu 14

Hólmavík

Skógræktarfélag Strandasýslu, Svanshóli

Hvammstangi

Skjanni ehf, Hafnarbraut 3
 Stýrihópur um forvarnir Húnaþing
 vestra, Hvammstangabraut 5

Skagaströnd

Elfa ehf, Oddagötu 22

Sauðárkrókur

K-Tak ehf, Borgartúni 1
 Skagafjarðarveitir ehf, Borgarteigi 15

Varmahlíð

Akrahreppur Skagafirði
 Álfagerðisbræður ehf, Álfagerði

Siglufjörður

Aðalbakarinn ehf, Aðalgötu 28
 Egilssíld ehf, Gránugötu 27
 Fjallabyggð, Gránugötu 24
 Jóhannes Egilsson, Lækjargötu 13

Akureyri

Eggjabúið Gerði ehf, Þórsmörk
 Girðir ehf, Hafnarstræti 82
 Höldur - Bílaleiga Akureyrar,
 Tryggvabraut 12
 Ísgát ehf, Furulundi 13f
 Kartöflusalan ehf, Fjölnisgötu 2b
 Kjarnafæði hf, Fjölnisgötu 1b
 Raftákn ehf, Glerárgötu 34
 SJBald ehf, Grýtubakka 1
 Stefán Þórðarson ehf, Teigi
 Toyota Akureyri, Baldursnesi 1
 Ösp sf, trésmiðja, Furulundi 15f

Ólafsfjörður

Árni Helgason ehf, Hlíðarvegi 54

Húsavík

Alli og Helga ehf, Baughóli 56

Laugar

Gistiheimilið Stóru Laugar s: 464-2990,
 Stóru Laugum

Bakkafjörður

Hraungerði ehf, Hraunstíg 1

Vopnafjörður

Bókasafn Vopnafjarðar, Lónabraut 12
 Mælifell ehf, Háholti 2
 Vopnafjarðarhreppur, Hamrahlíð 15

Egilsstaðir

Austfjarðaflutningar ehf, Kelduskó gum 19
 Fljótsdalshérað, Lyngási 12
 Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf,
 Einhleypingu 1
 Hraðbúð ESSO www.khb.is, Kaupvangi 6
 Miðás hf (Brúnás innréttigar), Miðási 9
 Verkfræðistofa Austurlands ehf,
 Kaupvangi 5

Eskifjörður

Skógræktarfélag Eskifjarðar,
 Lambeyrarbraut 6

Neskaupstaður

AFL - Starfsgreinafélag Austurlands,
 Miðvangi 2-4

Höfn í Hornafirði

Þrastarhóll ehf, Kirkjubraut 10

Öræfum

Félagsbúið Hnappavöllum 4,
 Hnappavöllum 4

Selfoss

Bakkaverk ehf, Dverghólum 20
 Búnaðarfélag Biskupstungna, Dalbraut 1
 Búnaðarsamband Suðurlands,

Austurvegi 1

Garðyrkjustöðin Kvistar ehf.,
 Lyngbraut 1, Biskupstungum
 Grímsneshreppur og Grafningshreppur,
 Stjórnsýsluhúsínu Borg

Halli - parket ehf s: 894-0048,
 Hörðuvöllum 2

Hraunsós ehf, Hrauni 1b
 HS Verktakar ehf, Hörðuvöllum 2

Jötunn vélar ehf, Austurvegi 69
 Selós ehf, Eyravegi 51

Skeiðahreppur og Gnúpverjahreppur,
 Árnesi

Umhverfisdeild Árborgar,
 Austurvegi 2, Ráðhúsi
 VH-verk ehf, Vallholti 40

Hveragerði

Eldhestar ehf, Völlum
 Ficus ehf, Bröttuhlíð 2
 Heilsustofnun NLFÍ Hveragerði
 www.hnlfí.is, Grænumörk 10

Þorlákshöfn

Jarðefnaiðnaður ehf, Nesbraut 1

Hella

Árhús ehf, Rangárþökkum
 Verkalýðsfélag Suðurlands,
 Suðurlandsvegi 3

Hvolsvöllur

Upplýsingamiðstöðin Hvolsvelli,
 Hlíðarvegi 14

Kirkjubæjarklaustur

Kirkjubæjarskóli, Klausturvegi 4
 Skógræktarfélagið Mörk,
 Klausturvegi 2
 Tjaldstæðið Kirkjubæ 2,
 Vestur-Skaftafelssýslu

Vestmannaeyjar

Bókasafn Vestmannaeyja, Safnahúsínu

Toyotaskógar

Frá árinu 1990 hefur Toyota á Íslandi stutt dyggilega við uppbryggingu skógræktar- og útvistarsvæða Skógræktarfélags Íslands. Með áframhaldandi samstarfi verða svæðin efla enn frekar og almenningu þannig gefið fær í að njóta útvistar í skjóli fallegar náttúru. Stuðningur við skógrækt er mikilvægur þáttur í umhverfisstefnu Toyota á Íslandi sem hluti af framlagi fyrirtækisins til þarfra verkefna í þágu samfélagsins.

Fyrir skógrækt er stuðningur fyrirtækisins ómetanlegur og gerir skógræktarfélögunum kleyft að vinna að fjölbreyttum verkefnum í almannaþágu um landið.

Toyota á Íslandi og Skógræktarfélag Íslands gerðu samkomulag í fyrra til næstu ára um skógrækt og uppbryggingu valinna skóga. Tekur það samstarf til nokkurra svæða á landinu, en Toyotaskógnar eru:

Ingunnarstaðir í Brynjudal

Skógræktarfélag Íslands hóf þar skógrækt árið 1977 og hefur einbeitt sér að því að rækta jólatré. Eru aðallega rækt-aðar fjórar trjátegundir jólatrjáa, stafafura, rauðgreni, blágreni og sitkagreni. Brynjudalur er vel í sveit settur innst í Hvalfirði og er umlukinn háum fjöllum, með Botnssúlur trónandi yfir innst í dalnum. Hér er mikil náttúrufegurð og kjörin skilyrði til að rækta jólatré. Umsjón hefur Skógræktarfélag Íslands.

Esjuhlíðar

Fyrstu þreifingar í skógrækt hófust með

stofnun Rannsóknarstöðvar skógræktar á Móglisá árið 1967. Skógræktarfélag Reykjavíkur tók við umsjón jarðanna Móglisár og Kollafjarðar árið 2000 og hefur félagið haldið ræktunarstarfinu áfram. Um svæðið liggr ein vinsælasta og fjölfarnasta gönguleið landsins, upp á topp Esju. Svæðið er jafnframt hluti af Græna treflinum sem umlykur höfuðborgarsvæðið. Mikil þörf er á frekari skógrækt í Esjuhlíðum til að veita skjól fyrir útvistina enda getur orðið stórvíðrasamt. Árið 2006 hófst mikið ræktunarátak í Esjuhlíðum, sem landsmenn eiga eftir að njóta ríkulega í framtíðinni. Umsjón hefur Skógræktarfélag Reykjavíkur.

Varmaland í Borgarfirði

Árið 1990 stóðu skógræktarfélögini og Toyota á Íslandi fyrir umfangsmikilli gróðursetningu í hlíðina að Varmalandi á fjölmennum fjölskyldudegi Toyota. Skógurinn er í samfelli við fallega skógarumgjörð staðarins, sem hefur verið ræktaður undanfarna áratugi. Skógurinn á Varmalandi er mjög fjölbreyttur og áhugaverður til útvistar. Skógurinn er mikið notaður af nemendum grunnskólans auch þess sem Varmaland er vinsæll áningastaður ferðamanna á sumrin. Afar víðsýnt er af hamrinum ofan við skógin. Umsjón hefur Skógræktarfélag Borgarfjarðar.

Sandar í Dýrafirði

Árið 1990 hófst ræktun á Söndum en svæðið er eitt af svæðum Landgræðsluskóga. Svæðið er í heild um 200 hektarar



Einn Toyotaskóguna er að Varmalandi í Borgarfirði (Mynd JGP).

og er mjög ákjósanlegt útvistarsvæði enda tölvert undirlendi, en því er ekki alls staðar til að dreifa á Vestfjörðum. Svæðið snýr vel við sól og er í suðurhlíðum Sandafellsins, gegnt þéttbýlinu Þingeyri. Áberandi í landslaginu eru stórar meloldur og hólar sem skriðjökull hefur skilið eftir, en þess á milli lautir og lágar. Sandaskógor mun því í framtíðinni bjóða upp á mikla fjölbreytni í útvist. Umsjón hefur Skógræktarfélag Dýrafjarðar.

Kjarnaskógor við Akureyri

Skógræktarfélag Eyfirðinga hóf rekstur gróðrarstöðvar á 14 hektara spíldu í landi Kjarna árið 1946. Árið 1971 var Kjarnaskógor gerður að útvistarsvæði og markviss uppbrygging hófst á aðstöðu sem ekki á sinn líka héruð á landi.

Hefur verið ræktaður fjöldi trjátegunda sem auka enn frekar á gildi svæðisins. Kjarnaskógor er nú um 800 hektarar og er eitt allra vinsælasta og fjölsóttasta útvistarsvæði landsins, en talið að um 200.000 gestir heimsæki svæðið árlega. Umsjón hefur Skógræktarfélag Eyfirðinga.

Reyðarfjörður

Gróðursetning hófst í vestanverðu Kvágili árið 1990 og var það í fyrstu aðallega stafafura, ásamt bergfuru sem hefur spjarað sig með ágætum. Með aukinni gróðursetningu og fjölbreytni trjátegunda verður til eftirsótt útvistarsvæði til gagns fyrir íbúa á Reyðarfirði, gesti og gangandi. Umsjón hefur Skógræktarfélag Reyðarfjarðar.

Frá maískorni til plastpoka

Plastrent hefur hafið framleiðslu á pokum og plastfilmum úr lífbryjtanlegum efnunum til að gefa þeim eiginleika sambærilega hefðbundnum plastefnum. Plastrent hefur um nokkurt skeið flutt inn poka úr umhverfisvænum efnunum (kartöflusterkjum) frá Vita, en á dögumnum urðu tímamót í framleiðslumálum Plastrents þegar fyrstu burðarpokarnir úr lífbryjtanlegu efni runnu útaf færbandinu. Undirbúnungur og þróun á framleiðslu úr þessu efni hefur staðið í nokkurn tíma og gengið vel. Hægt er að prenta á efnið með hefðbundnum prentlitum og prentaðferðum og hægt er að fá plastfilmurnar í mismunandi lit. Efnið býður upp sömu framleiðslu á pokum og umbúðum og hefðbundin plastefni. Þetta gefur því Plastrent möguleika að sérsníða hverja framleiðslu úr Mater-Bi sérstaklega eftir kröfum viðskiptavina.

Krafa Evrópusambandsins, ESB, er að dregið sé úr urðun lífræns úrgangs frá almenningi og fyrirtækjum. Fyrir íslensk sveitarfélög þýðir þetta því að 1. janúar 2009 hafi þau náð því markmiði að minnka urðun lífræns úrgangs niður í 75% af viðmiðun árið 1995. Hlutfallið á síðan að vera komið niður í 50% af viðmiðunarmagnini, 1. Júlí 2013 og í 35%, 1. Júlí 2020. Þetta hlýtur því að auka áherslu á flokkun sorps og á að finna leiðir til vinnslu á lífrænum

úrgangi í stað þess að urða hann. Ein þessara leiða er jarðgerð. Parna koma því pokar úr lífbryjtanlegum efnunum frá Plastrent að góðum notum undir t.d. matarleifar frá heimilum. Efnið er algjörlega lífbryjtanlegt og hentar því vel til jarðgerðar. Pokar og umbúðir úr Mater-Bi brotna niður á 10 – 45 dögum, háð því hvaða aðferð er notuð til jarðgerðarinnar. Mater-Bi er vottað af "OK Compost" og "DIN Certo" skv. Ervrópustaðli EN13432. Efnið uppfyllir skilyrði EU, 90/128/EC, um umbúð sem koma mega í snertingu við matvæli og má því einnig nota í þökkunarfilmu fyrir matvæli.

Mater-Bi er framleitt úr endurnýjanlegri auðlind, er algjörlega lífbryjtanlegt og hentar vel til jarðgerðar. Efnið er því mjög umhverfisvænt. Hægt er að prenta á efnið með hefðbundnum prentlitum og prentaðferðum og hægt er að fá plastfilmurnar í mismunandi lit. Efnið býður upp sömu framleiðslu á pokum og umbúðum og hefðbundin plastefni. Þetta gefur því Plastrent möguleika að sérsníða hverja framleiðslu úr Mater-Bi sérstaklega eftir kröfum viðskiptavina.

Á dögumnum faerðu starfsmenn Plastrents Lyfju og Bónus fyrstu pokana.

Ljóst er að lítil takmörk eru í framleiðslumöguleikum úr þessu efni.



Í sumar verður unnið að bættu aðgengi skógarins á Varmalandi með stuðningi Toyota á Íslandi. Verkefni sumarsins var undirbúið í vor, en á myndinni sjást þeir sem bera hitann og þungann af því. Frá vinstri: Friðrik Aspelund framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Borgarfjarðar, Ása Erlingsdóttir kennari á Varmalandi, Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir skólastjóri á Varmalandi, Oscar-Mauricio Uscategui framkvæmdastjóri samtakanna Seeds en á vegum samtakanna mun stór hópur erlendra sjálfböðaðið starfa á svæðinu og Birgir Hauksson skógarvörður á Vesturlandi en hann hefur verið til ráðgjafar um meðferð skógarins um árabil og þekkir hann manna best (Mynd JGP).



Í fjörunni skammt austan við Ósakot og Búðaós eru fornir trjábólir sýnilegir. Hér er einn stórvíðurinn (Mynd JGP).



Að sýnatökunni komu þeir Skúli Alexandersson, Ólafur Eggertsson, sérfraðingur frá Rannsóknastöð skógræktar, Mógið og Páll Stefánsson skipstjóri. Á myndina vantar Erlu Björk Örnólfssdóttur, forstöðumann Rannsóknastöðvarinnar Varar en hún kom á vettvang (Mynd JGP).

Forn viður rannsakaður á Snæfellsnesi

Merkilegar viðarleifar hafa komið í ljós í fjörunni á sunnanverðu Snæfellsnesi. Svo virðist sem nokkur tilfærsla hafi orðið á fjöruborðinu í landi Kálfávalla í Staðarsveit á liðnum vetri. Sandinn hefur boríð ofan af jarðvegi sem þarna er grunnt á. Komið hefur í ljós þykkur mójarðvegur með miklum viðarleifum.

Laufblöðungur fór á vettvang til að kanna uppruna þessa trjáviðar ásamt Ólafi Eggertssyni, sérfraðingi á Rannsóknastöð skógræktar, Mógið. Þarna í fjörunni reyndist tölувert af stórum trjám, allt að 30 cm í þvermál og nokkrir metrar á lengd. Mörg þeirra eru með rótahnyðjum. Mikið hefur brotnað upp af mónum og borist á land og liggja móköggla efst í fjörunni á löngu svæði.

Ólafur tók sýni úr mörgum trjám og einnig jarðvegssýni. Reyndist mólagið vera um 1 m þykkt. Stefnt er að því að aldursgreina sýnin og tegunda greina. Ólafur gat hins vegar greint til ættkvíslar þarna fjögur sýni, þ.e. greni, lerki, ösp og birki. Líklega er þarna um að ræða rekavið frá Síberíu sem hefur kastast upp á land í mýrarnar fyrr á öldum, til viðbótar birkitrjám sem væntanlega hafa vaxið á ákveðnum skeiðum á Snæfellsnesi.

Skúli Alexandersson formaður Skógræktar- og landverndarfélagsins undir Jökli er hér í fjörunni, í forgrunni er einn trjábolanna, í baksýn sést heim að Búðum (Mynd JGP).



Parftu að leita þér upplýsinga um skógrækt?

já er svarið



118



ja.is



Símaskráin

Kjötmjöl er ódýr lífrænn áburður án aukaefna

Að meðaltali fer allt að helmingur af lífþunga allra dýra sem slátrað er til kjötframleiðslu ekki í matreiðslu, þessi helmingur er sláturleifar og hefur þessi hluti oftari en ekki verið urðaður engum til gagns. Síðustu árin hafa sláturleyfisahafar á Suðurlandi unnið öturlega að því að fullnýta þennan hluta með því að framleiða kjötmjöl. Kjötmjöl er að stærstum hluta prótein (sem er að miklu leiti köfnunarefni) og svo önnur næringar- og steinefni. Nánar tiltekið er N.P.K.hlutfallið 8,1/0,6/4,2 og þurrefnið 93%.

Kjötmjöl hefur lengi verið notað í áburðartilgangi með góðum árangri ekki síst vegna hversu seinleystur áburðurinn er og áhrifin vara lengi. Einnig er það staðreynnd að mjölið inniheldur fjölbreytt úrvall næringarefna

SORPSTÖÐ
SUDURLANDS

sem gagnast plöntum og smá-dýralífi í jarðveginum mun betur en t.d. tilbúinn áburður. Nokkur reynsla er komin af notkuninni við mismunandi verkefni. Undanfarin tvö ár hafa samtökin Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfss notað kjötmjöl við bæði landgræðslu á stórum ógrónum svæðum og eins sem áburð með trjáplöntum. Kjötmjölið er einnig fyrirtaksáburður á grasflötinn eða undir þökurnar. Tekið skal fram að þar sem kjötmjöl er borðið á beitiland eða lönd þar sem fóðurs er aflað skal líða 21 dagar frá dreifingu þangað til beit er leyfð eða fóðurs aflað. Frekari upplýsingar um notkun og takmarkanir er að finna á umbúðum

Gróanda sem er áburðarheiti kjötmjölsins. Verð á kjötmjöli í 900kg stórsekkjum er 22 kr/kg en einnig er að vænta minni eininga í smásölu þegar líður á sumarið.



AUSA Task 50

Smábíllinn er hannaður og smíðaður til að þola og takast á við erfiðstu verkefni sem upp koma við leik og störf. Grófar ósléttur og erfiðar aðstæður eru heimkynni Task 50. Mótör: Diesel Kubota 26,5 hp Burðargeta: 500kg Breidd: 1500cm - Lengd: 2960cm



Hreinsivélar ehf er þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og þjónustu á vélum og tækjum. Markmið félagsins er að veita persónulega og góða þjónustu við þær vörur sem fyrirtækið selur og þjónustar. Hreinsivélar er umboðsaðili fyrir fjöldamörg umboð.

Kynntu þér þessi tæki á heimasiðu okkar eða hafðu samband við sölumenn okkar

www.hreinsivelar.is velar@hreinsivelar.is

Skútuvogi 6 - 104 Reykjavík - Sími : 567-9050

AUSA CR 5

Traktorsgraflan 4x4 er með 100hp John Dier mótor. Vélin er 8,1 tonn og með 1,1 m³ skóflu. Verðið er eitt það besta á landinu kr.5.690.000.án.vsk. kr.7.084.050.m.vsk



AUSA 250 4x4

2,5 tonna 4x4 lyftarinn er mest seldi lyftarinn í sínum flokki í heiminum í dag. Hentar vel við gámalosun, þar sem hann er gámagengur og við aðrar þróngar aðstæður t.d. á byggingarsvæðum



Eftirtaldir hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands




Barri hf. Skógræktarstöð
Egilsstöðum og Tumastöðum í Fljótshlíð
- www.barri.is



UHMVERFISRÁÐUNEYTI



Sveitarfélagið Ölfus
Garðyrkjustjóri
Hafnarbergi 1



Dagbjartur Lárus Herbertsson
Allar almennum bilavögerör, járnsmiði ofl.
Snúrfusa hf. - Lopape 12 - 210 Garðabær
Sími 517 4524 - 855 2129
snurfusa@snurfusa.is - www.snurfusa.is



Asparfelli 2 - 111 Reykjavík
Sími 566 7350 / 892 5925





Fáðu Sælureitinn sendan
heim þér að kostnaðarlausu
Sjá www.husa.is
eða hringdu í 525 3000

Nýr og glæsilegur Sælureitur

**Lestu allt um
sumarblómin
bls. 122- 125**



Þú getur fundið verð á vörum
sælureitsins á www.husa.is

**Lestu allt um
trjáklippingar
bls. 140-146**

